

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 20. febrúar 2013
Tilvísun: UST20130200088/bs

Breyting á Köldukvíslarvirkjun á Tjörnesi - Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 12. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða breytingu á framkvæmd sem hófust 2012. Í breytingunni felst að inntaksstífla verður hækkuð um 6 m. Við þetta mun inntakslón virkjunarinnar stækka úr 0.8 ha í 1.6 ha. Breyting verður á stíflu sem felst í því að yfirfall verður steipt til hliðar við megin stíflu og breikkar stíflan sem því nemur.

Umhverfisstofnun óskaði eftir upplýsingum um ástand á framkvæmdasvæði og fékk sendan tengil á heimasíðu framkvæmdaaðila með tölvubrési frá Skipulagsstofnun dags. 18. febrúar sl.

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif umræddrar framkvæmda verði neikvæð áhrif á gróður og neikvæð sjónræn áhrif. Úr þessum neikvæðu áhrifum mætti draga enn frekar verði þess gætt að skeringar verði teknar með svipuðum halla og í óröskuðu landi og nægjanlega flatar til að tryggja að unnt verði að græða röskuð svæði upp á fullnægjandi hátt.

Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif umræddar framkvæmdar séu að öllu líkindum að mestu komin fram. Draga má verulega úr neikvæðum áhrifum með vönduðum frágangi og uppgræðslu.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson